


KRISTINN MÁR PÁLMASSON

ROTOR

04.02 - 26.02 2023



PORTFOLIO GALLERI

Kistinn Már Pálmason
ROTOR

Kristinn Már í Undralandi.

Í fyrirlestri sem Slavoj Žižek hélt við European Graduate School, árið 2012, leggur hann fram hugmyndina um latan „GUD“ sem nennir ekki að klára eigin sköpun. Kenning hans er sú að vitsmunalíf jarðar muni aldrei komast lengra en Albert Einstein gerði með afstæðiskenningunni. Þannig var guð eins og latur forritari sem kláraði ekki að skapa heiminn sem hann byrjaði á. Þar af leiðandi virkar ekki sú hugmynd um vísindi nútímans og/eða skammtafræðin, þar sem forsendur hennar gera ráð fyrir fullkláruðum heimi sem lýtur mælanlegum lögmálum. Slavoj Žižek, heldur því fram í Óraplágunni, að snilldarbragð vel heppnaðrar listsköpunar felist í getu listamannsins til að snúa vöntun verksins sér í hag, eða með hans orðum: Að ráðskast af kunnáttu með hina tómu miðju og enduróm hennar í hlutunum umhverfis hana. (Slavoj Žižek, 2007)

Kristinn Már Pálmason, býður áhorfendum að fylgja sér í „Undraland“ vöntunar, þar sem órar liggja í leynd með því að halda fjarlægð frá ytri táknmynd. Myndverk Kristins hefja sig upp yfir þekktan efnisheim okkar, en skapa þess í stað lögmál sem tákngerir vandlega hugarheim listamannsins í sjónræna geómetríu, sem er um leið vegurinn að einhverskonar andlegri frelsun, þar sem vöntunin í myndefninu er sköpuð meðvitað. Listamaðurinn veit að „forritið“ eða myndheimurinn sem hann leitast við að birta er brotakenndur og ókláraður.

Friedrich Schiller, segir í ritverkinu Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins að: Hversu hátt sem skynsemin reis, hreif hún efnid ætíð ástúðlega með sér, og hversu skýrt og nákvæmlega sem hún greindi hlutina í sundur, þá afskræmdi hún þá aldrei. Hún aðskildi að vísu einstaka þætti mannlegs eðlis, og dreifði þeim á guðina í stækkaðri mynd, en ekki þó þannig að hún rífi þessa eðlisþætti í tætlur, heldur með að blanda þeim margvíslega saman, því öll mennskan var

samankomin í hverjum einasta guði. (Schiller, 2006) Myndverk Kristins takast á við frumspekilega brotakennda hugmynd skynseminnar um skapara heimsins, þar sem hvert tákni er sjálfstæð eining með sitt eigið þyngdarafli og sinn sérstæða lofthjúp. Það sem veldur aðdráttarafla eða þyngdarkrafti er massi hlutanna eða efnismagn. Þyngdarkrafturinn berst gegnum efni þannig að tákni hafa áhrif hvort á annað hvar sem þau eru staðsett á myndfletinum. Þannig má líta á myndverk Kristins sem mynd af himingeimnum, sem skynsemi vitsmunaverunar hefur túlkað sem massa alheimsins með vísindalegum aðferðum hingað til.

Schiller segir að „á þeim fagra morgni þegar kraftar andans voru að vakna voru engin skýr landamæri milli hugsunar og skynjunar.“ Heimurinn sem ROTOR sýning Kristins Más birtir er frumspekilegt sjónarhorn listamannsins sem býður áhorfendum að hefja sig upp með hjálp sjónræna krafta málverksins og skoða heiminn út frá brotakenndu ókláruðu sköpunarverki guðanna.


Helga Þórsdóttir

Heimildir


Schiller, F. (2006). Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins. (A. B. Ásmundsson, Þýð.) Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag.

Slavoj Žižek. (2007). Óraplágan. (H. M. Helgason, Þýð.) Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag.







Rotor, Akríl á striga, 170 x 160 cm, 2023



Minna þekktir Guðir, Akríl á striga, 50 x 140 cm, 2023



Double Vision, Akríl á striga, 120 x 110 cm, 2021



Blueverse, Akríl á striga, 180 x 140 cm, 2023



Sjálvirk Eyja, Akríl á striga, 110 x 90 cm, 2022




Dial 1, Einþrykk, 41,5 x 61,5 cm, 2021



Dial 2, Einþrykk, 41,5 x 61,5 cm, 2021



Borð / Tablel, Einþrykk, 41,5 x 61,5 cm, 2021



The Dim Vision, Einþrykk, 41,5 x 61,5 cm, 2021

VERÐSKRÁ

Rotor	1.170.000.-
Minna þekktir Guðir	950.000.-
Double Vision	820.000.-
Blueverse	1.150.000.-
Sjálvirk Eyja	720.000.-
Dial 1	110.000.-
Dial 2	110.000.-
Borð / Table	110.000.-
The Dim Vision	110.000.-



PORTFOLIO
GALLERÍ

Hverfisgata 71
101 Reykjavík
galleri@portfolio.is
www.portfolio.is